

Umsögn um drög að orkustefnu

Margt er mjög gott í drögum að orkustefnu, til dæmis að opinber orkufyrirtæki stofni dótturfélög með takmarkaðri ábyrgð um þjónustu við stórnotendur og að arðsemi virkjanafræmda verði reiknuð á grundvelli eigin lánshæfis og áhættumats verkefnanna, en ekki lánshæfis opinberra eigenda. Eitt vil ég þó gera athugasemd við. Í drögunum er rætt um að dregið verði úr þörf fyrir jarðefnaeldsneyti. Segir að „[m]eð því [sé] vöruskiptajöfnuður þjóðarbúsins bættur til lengdar og áhætta í hagkerfinu minnkuð, en mikilvægir hlutar þess reiða sig á stöðugt framboð olíuafurða.“

Ég er ósammála þessu. Í fyrsta lagi held ég að það sé ekki rétt að vöruskiptajöfnuður þjóðarbúsins sé með þessu bættur til lengdar, enda erfitt að sjá tilganginn með því að hafa afgang á viðskiptum við útlönd til langframa. Eini tilgangurinn með því að flytja vörur út er að flytja aðrar inn á móti! Hins vegar kunna hömlur á innflutning eldsneytis að verða til þess að draga úr viðskiptum við útlönd yfirleitt. Erfitt er að skilja orðin sem vitnað var í hér að framan öðruvísi en að það sé einmitt meiningin: Íslendingar eigi að verða sjálfum sér nægari um orku, þar með minni sú áhætta sem felst í því að vera háður útlöndum um aðföng. Sömu rök má finna gegn flestum tegundum utanríkisviðskipta. Til dæmis tala margir um nauðsyn þess að hamla gegn innflutningi matvara. Þannig megi tryggja matvælaöryggi landsmanna. Hömlur á viðskipti við útlönd þýða að Íslendingar munu vinna að verkefnum sem þeir eru ekki eins hæfir í og aðrir. Þeir munu til dæmis búa til dýra orku og dýran mat. Á móti er minni kröftum eytt í starfsemi þar sem Íslendingar kunna að hafa yfirburði. Niðurstaðan er að lífskjör hér á landi verða verri en ella. Hagfræðingar deila um flest en meðal þess fáa sem flestir eru sammála um er að viðskipti milli landa skuli vera sem frjálust. Ég legg því til að orðum um hömlur á innflutning á jarðefnaeldsneyti verði sleppt í endanlegri orkustefnu.

Kær kveðja,
Sigurður Jóhannesson,
261061-4579,
s. 8609775.